



**45. fundur Heimastjórnar Djúpavogs
haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 11. janúar 2024
og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Guðný Lára Guðrúnardóttir formaður, Ingi Ragnarsson aðalmaður, Oddný Anna Björnsdóttir aðalmaður og Gauti Jóhannesson fulltrúi sveitarstjóra.

Fundargerð ritaði: Gauti Jóhannesson, fulltrúi sveitarstjóra

Dagskrá:

1. 202209131 - Staða verkefna á umhverfis- og framkvæmdasviði

Lagt fram til kynningar.

2. 202208083 - Aðalskipulag Múlapings 2025-2045

Fyrir fundinum liggur skipulags- og matslýsing Aðalskipulags Múlapings 2025-2045.

Heimastjórn gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsingu Aðalskipulags Múlapings 2025-2045.

Samþykkt samhljóða.

3. 202205010 - Sjálfsafgreiðslustöð N1 á Djúpavogi.

Fyrir fundinum lá bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs sem samþykkt var samhljóða á fundi ráðsins 18. desember 2023.

Umhverfis- og framkvæmdaráð staðfestir fyrri bókun sína frá fundi 19. júní sl. þar sem því er vísað til gerðar nýs Aðalskipulags Múlapings að finna nýja staðsetningu bensínafgreiðslu N1 ehf. á Djúpavogi. Í samræmi við niðurstöðu nýlegra funda með N1 ehf. verður gert ráð fyrir lóð undir bensínafgreiðslu fyrirtækisins nærri gatnamótum Hringvegur og Djúpavogsvegur.

Heimastjórn leggur áherslu á að gætt verði jafnræðis milli seljenda eldsneytis við úthlutun lóða samkvæmt nýju skipulagi.

Að öðru leyti lagt fram til kynningar.

4. 202201165 - Kröfur ríkisins um þjóðlendur á Austfjörðum

Fyrir fundinum láu greinargerðir fjármála- og efnahagsráðherra fh. íslenska ríkisins vegna krafna um þjóðlendur á Austfjörðum.

Lagt fram til kynningar.



5. 202401002 - Áherslumál heimastjórna

Lagt fram til kynningar.

6. 202210003 - Þjónusta við ferðafólk á Djúpavogi

Fyrir fundinum lá svar við erindi varðandi salernismál við Búland 1 frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands ásamt tölvupósti frá Samkaupum um sama mál.

Heimastjórn tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Austurlands að æskilegt sé að í verslunarhúsnæði Samkaupa á Djúpavogi þar sem eru fimm þjónustufyrirtæki, þar sem ætla megi að fólk hafist við að jafnaði, sé salerni aðgengilegt fyrir viðskiptavini. Heimastjórn telur ótækt að ekki sé til skilgreining á verslunarmiðstöð í íslenskum lögum og hvetur ráðherra til að bæta úr því með reglugerðarbreytingu. Starfsmanni falið að fylgja málinu eftir í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

Tillögu Samkaupa er vísað til byggingafulltrúa til skoðunar.

Samþykkt samhljóða.

7. 202105265 - Málefni Ríkarðshúss á Djúpavogi.

Fyrir fundinum lá fundargerð aðalfundar Ríkarðshúss 2023.

Lagt fram til kynningar.

8. 202312278 - Umsókn um stöðuleyfi, Bakki 2,

(GJ vék af fundi.)

Fyrir fundinum liggur umsókn um endurnýjun á stöðuleyfi torgsöluhúss við Bakka 2.

Heimastjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun stöðuleyfis torgsöluhússins við Bakka 2 en leggur áherslu á að vinnu við gerð sérstakra reglna um leyfi vegna matar- og söluvagna, sbr. bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 6. janúar 2021, verði kláruð.

Samþykkt samhljóða.

(GJ kemur aftur til fundar.)

9. 202209244 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Djúpavogi

Faktorshús: Gengið hefur verið frá samningi við Goðaborg ehf. vegna uppbyggingar og reksturs í hluta Faktorshússins. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist fljótlega.

Gamla kirkjan: Nýlega var gengið frá kaupum á gólfefni fyrir gömlu kirkjuna og gluggaumbúnaði að utan. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist með vorinu.

Djúpavogshöfn: Búið er að panta lítið þjónustuhús sem gert er ráð fyrir að setja upp í stað kofanna tveggja við trébryggjuna. Húsið verður í stíl við Faktorshúsið, svart með hvítum gluggum. Gert er ráð fyrir að starfsfólk hafnarinnar hafi þar aðstöðu.



Vefmyndavél: Pöntuð hefur verið ný vefmyndavél. Hún verður sett upp um leið og hún kemur til landsins.

Teigarhorn: Viðræður hafa staðið undanfarið við Umhverfisstofnun, Þjóðminjasafnið og Framkvæmdasýslu ríkisins um uppbyggingu á Teigarhorni. Gert er ráð fyrir að niðurstöður viðræðna liggi fyrir fljótlega.

Sætún: Fljótlega verður hafist handa við frágang á Sætúni að utan. Skipt verður um glugga þar sem það hefur ekki verið gert nú þegar og húsið klætt að utan með standandi viðarklæðningu. Einnig verður gengið frá bílastæðum og rampi fyrir hreyfihamlaða. Framkvæmdum verður lokið fyrir sumarið.

Víkurland: Framkvæmdir við grjótvörn við Víkurland hafa gengið hægar en gert var ráð fyrir en lýkur fljótlega. Gatna- og lagnahönnun í nýju iðnaðarhverfi hefur verið boðin út og gengið hefur verið til samninga við lægstbjóðanda.

Hitaveituframkvæmdir: Gert er ráð fyrir að boranir hefjist í febrúar.

Heimreiðar: Enn er unnið að hönnun á heimreiðum að Framnesi og Stekkamýri.

10. 202010614 - Fundir Heimastjórnar Djúpavogs

Næsti reglulegi fundur heimastjórnar á Djúpavogi verður haldinn fimmtudaginn 8. febrúar næstkomandi kl. 10:00. Erindi fyrir fundinn þurfa að berast starfsmanni heimastjórnar fyrir kl. 15:00 mánudaginn 5. febrúar á netfangið gauti.johannesson@mulathing.is.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

